

samtök sjálfstæðra skóla

Alþingi
Erindi nr. P 132/1164
komudagur 6.3.2006

Til menntamálanefndar Alþingis

Frá stjórn Samtaka sjálfstæðra skóla
Kringlunni 7
103 Reykjavík

Umsögn um 447. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995

Stjórn Samtaka sjálfstæðra skóla lýsir mikilli ánægju með framkomið frumvarp til laga um breytingu á grunnskólalögum nr. 66/1995, með síðari breytingum og lýsir í meginatriðum stuðningi við þær breytingatillögur sem þar liggja fyrir.


Stjórn Samtaka sjálfstæðra skóla gerir eftirfarandi breytingatillögur við frumvarpið:

1. Að önnur setning fyrstu málsgreinar 23. gr. frumvarpsins falli brott eða að öðrum kosti orðist svo: *Heimilt er að binda samþykki sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda nemenda úr viðkomandi sveitarfélagi.* Afstaða stjórnar Samtaka sjálfstæðra skóla er skýrlega að sjálfstætt starfandi grunnskólar skuli hafa val og vald um eigin nemendafjölda án nokkurra fjöldatakmarkana en til vara er lagt til að sveitarfélag geti takmarkað fjölda þeirra nemenda sem njóta framlags til að sækja nám í sjálfstætt starfandi grunnskóla. Óbreytt kann 23. gr. frumvarpsins að fela í sér hömlur á atvinnufrelsi sbr. 75. gr. stjórnarskrár.
2. Stjórn Samtaka sjálfstæðra skóla fagnar af heilum huga þeirri tillögu að mat á heildarrekstrarkostnaði allra grunnskóla í landinu eða vegið meðaltal verði lagt til grundvallar við ákvörðun um lágmarksframlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 75% af umræddu meðaltali verði lágmarksframlag sem fylgi nemanda í skóla með færri en 200 nemendur og 70% af meðaltali fyrir hvern nemanda umfram 200. Af þessu er ljóst að foreldrar sem velja sjálfstætt starfandi skóla fyrir börn sín munu áfram þurfa að greiða umtalsverð skólagjöld. Stjórn samtaka sjálfstæðra skóla leggur til að lágmarksframlag verði 85% og 80% eftir nemendafjölda til þess að skólagjöld geti verið í lágmarki og val á grunnskólanámi því ekki tengt efnahag foreldra.

3. Loks vekur stjórn Samtaka sjálfstæðra skóla athygli á því að skv. frumvarpinu ríkir áfram það misrétti að sjálfstætt starfandi grunnskólar njóta engra stofnstyrkja af opinberu fé. Slíkt er gífurleg hindrun í vegi þess að nýir sjálfstæðir skólar verði að veruleika sem hamlar fjölbreytni í skólakerfinu og veldur því að foreldrar og skólafólk hafa áfram takmarkað valfrelsi í grunnskólum. Því leggur stjórn samtakanna til að menntamálaráðherra og menntamálanefnd Alþingis hlutist til um að unnið verði að mati á möguleikum þess að sjálfstætt starfandi skólar geti sótt um húsnæðis- og búnaðarstyrki að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Fulltrúar samtakanna munu fúslega koma að slíkri vinnu, verði þess óskað.

Reykjavík, 2. mars 2006,

f.h. stjórnar Samtaka sjálfstæðra skóla,



Margrét Pála Ólafsdóttir formaður